

**1990 nr. 45 16. maí****Lög um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð**

Tóku gildi 22. maí 1990. Breytt með: L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 59/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra eða samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

- Ríkisstjórninni er heimilt að fela hlutafélagi, sem stofnað yrði í því skyni, að annast að nokkru eða öllu leyti undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, svo og rekstur um tiltekinn tíma.

**■ 2. gr.**

- Nánari ákvæði um gerð, rekstur, tilhögun mannvirkja, gjaldtökutíma og önnur atriði, sem þurfa þykir, skulu vera í samningi sem [ráðherra]<sup>1)</sup> gerir við framkvæmdaaðila. Slíkur samningur öðlast ekki gildi fyrr en hann hefur hlotið staðfestingu Alþingis.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 140. gr.

**■ 3. gr.**

- Til að bera kostnað af framkvæmdum og rekstri sam-

kvæmt lögum þessum skal hlutafélagi skv. 1. gr. heimilt að taka umferðargjald af veggengingu um utanverðan Hvalfjörð enda liggi fyrir samningar við [ráðherra]<sup>1)</sup> um verkefnið og rétt til gjaldtökunnar.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 210. gr.

**■ 4. gr.**

- [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> skal hafa eftirlit með að gerð og rekstur mannvirkja samkvæmt lögum þessum sé á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> skal hún gefa veghaldara fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar úrbætur innan hæfilegs frests.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 6. gr.

**■ 5. gr.**

- Þegar vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð er lokið skal vegurinn teljast til þjóðvega samkvæmt ákvæðum vegalaga með þeim undantekningum sem lög þessi ákvæða. Ef samkomulag næst ekki um kaup á landi og efni sem þörf verður á vegna framkvæmda samkvæmt lögum þessum heimilast [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> eignarnám samkvæmt X. kafla vegalaga.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 6. gr.

**■ 6. gr.**

- Lög þessi öðlast þegar gildi.